

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð, frá Hálsi til Stærri-Árskógs á Árskógsströnd.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2021/2



BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR

Forsíðumynd: Túngarður á Stóru-Hámundarstöðum, mynd tekinn í suð-vestur.



© Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2021/2

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	4
SAMANTEKT.....	12
HEIMILDASKRÁ.....	13

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð. Framkvæmdasvæðið nær frá Hálsi til Stærri-Árskógs í gamla Árskógshreppi. Áform eru uppi um að framkvæmd verkefnisins fari fram sumarið 2021. Fornleifaskráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Rarik útvegaði. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í seinni hluta maí 2021. Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmönnum og landeigendum fyrir upplýsingar um fornleifar og staðarhætti og leyfi til þess að ganga um landið. Til var eldri fornleifaskráning af svæðinu frá 2003 sem Fornleifastofnun Íslands gerði og var hún til hliðsjónar þegar lagnaleiðin var valinn. Mikilvægt var þó að endurskoða þau gögn og þá helst með tilliti til þess hversu ónákvæm GPS tæki voru fyrir 18 árum. Einnig hafa ýmsar breytingar átt sér stað á svæðinu síðan skráningin var gerð.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2672.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar.

Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁷

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn. Til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 1998 til 2019 á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga, niðurhalsgögn frá Landmælingum Ísland, upplýsingum frá landeigendum og í sumum tilfellum leiðsögn um svæðið.

Fornleifar voru skráðar miðað við þær jarðir sem þær tilheyrðu þegar túnakortin voru gerð um 1918. Til var mjög ítarleg fornleifaskráning af svæðinu þar sem búið var að skrásetja skriflegar heimildir um fornleifar ásamt vettvangsskráningu. Það þurfti þó að uppfæra þá skráningu þar sem næstum tveir áratugir voru síðan hún var gerð.

Farið var í vettvangskönnun þar sem farið var um svæðið og þar sem minjastaðir fundust innan 15 m frá framkvæmdasvæðinu, þá voru þeir hnittsettir (ÍSN93). Upplýsingar skráðar um þá, staðir ljósmyndaðir og mældir upp með trimble stöð. Kortin voru svo unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 1998. Þrátt fyrir að það hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

⁷ Heimasíða Minjastofnunnar.

4. Fornleifaskráning

Stærri-Árskógur:

Ekki fundust neinar skráðar fornleifar nærri framkvæmdasvæðinu á Stærri-Árskógum, ekki sáust heldur neinar á loftmyndum eða við vettvangsskráningu.

Litli-Árskógur:

Fornleifanúmer: 2672-01

Hnit: A528356.5 N604148.9 ISN93

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Tóft

Fyrir neðan veg beint á móti heimreiðinni að Engihlíð er forn landamerkjagarður.⁸ Liggur garðurinn í norð-austur að mestu um lyngvaxinn móa og er mjög sýnilegur á um 870 m kafla. Garðurinn hverfur svo við veginn og sést ekki fyrr en við ofan tún.⁹ Það er einnig hægt að sjá móta fyrir honum víða í túnunum sem nokkurs konar skugga.¹⁰ Hæð garðsins er um 0,7 m og breidd um 2 m.



Mynd 1. Landamerkjagarður í Litlu-Árskógum, mynd tekin í norð-austur.

⁸ Elín, 2003, bls. 41.

⁹ Elín, 2003, bls. 41.

¹⁰ Guðlaugur Axel Ásólfsson, munnleg heimild.

Krossar:

Fornleifanúmer: 2672-02

Hnit: A527356.2 N604626.5 ISN93

Hlutverk: Smíðja

Tegund: Heimild

Samkvæmt örnefnaskrá þá var Smíðjuholt þar sem Þjóðvegurinn liggur neðan gamla túnsins, í dag liggur heimreiðin að Krossum frá Þjóðveginum á staðnum.¹¹ Engin ummerki sáust þar um tóftir.

Litlu-Hámundarstaðir:

Engar skráðar fornleifar voru nærri framkvæmdasvæðinu á Litlu-Hámundarstöðum, ekki sáust heldur neinar á loftmyndum eða við vettvangsskráningu.

Stóru-Hámundarstaðir:

Fornleifanúmer: 2672-03

Hnit: A526452.9 N605213.2 ISN93

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá er tekið fram að merkjalækur renni á mörkum Stóru- og Litlu-Hámundarstaða sem kallaður er Myllulækur. Lækurinn er þó að mestu horfinn í skurð.¹² Samkvæmt heimildarmanni þá mundi afi hans eftir viðarleifum á staðnum sem talið er að hafi verið leifar úr myllunni. Einnig mundi bróðir heimildarmanns eftir brotnum myllusteini.¹³ Engar slíkar leifar sáust við vettvangsrannsókn.

Fornleifanúmer: 2672-04

Hnit: A526359.2 N605140.5 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Tóft

Við suð-austurhorn á vélarskemmu má sjá hluta af fornum túngarði sem er að mestu leyti horfinn. Liggur garðurinn til suð-vesturs í sléttuðu túni, er hann rofinn á köflum og ofan við hann er skurður. Uppmöksturinn úr skurðinum hefur verið settur á túngarðinn og því er hann mun breiðari í suð-vestur hlutanum.¹⁴ Sá hluti af garðinum sem ennþá stendur er um 58 m á lengd og er hann um 2 m á breidd og 0,8 m á hæð.

¹¹ Elín, 2003, bls. 38.

¹² Elín, 2003, bls. 20.

¹³ Baldvin Haraldsson, munnleg heimild.

¹⁴ Elín, 2003, bls. 32.



Mynd 2. Túngarður skammt frá vélaverkstæði, mynd tekinn í norð-austur.

Fornleifanúmer: 2672-05
Hlutverk: Landamerkjagarður
Tegund: Tóft

Hnit: A526316.1 N605050.2 ISN93

Landamerkjagarður var áður fyrr mjög greinilegur á merkjum Stóru- og Litlu-Hámundarstaða en lítið er orðið eftir af honum núna. Þessi merkjagarður er talinn forn og hefur líklega verið byggður vegna búskapar á Hámundarstöðum áður en Litlu-Hámundarstaðir voru byggðir.¹⁵ Garðurinn sést óljóst á stuttum kafla í Garðsmel og er fyrst greinilegur um 20 m ofan við þjóðveg og liggur um 42 m í suð-vestur. Hæð garðsins er um 0,1-0,6 m, breidd um 2 m og stendur girðing í norður jaðri hans.



Mynd 3. Landamerkjagarður á milli Stóru- og Litlu-Hámundarstaða, mynd tekinn í norð-austur.

¹⁵ Elín, 2003, bls. 22.

Fornleifanúmer: 2672-06

Hnit: A526296.7 N605070.0 ISN93

Hlutverk: Kvíar/kálgarður

Tegund: Heimild

Garðsmelur nefndur eftir kartöflugarði sem var frá fyrstu áratugum 19. Aldar. Hóllinn er líka kallaður Kvíhóll en þarna voru kvíar um 1914. Garðarnir voru í austanverðum hólnum en enginn ummerki sjást um þá í dag. Einnig var sléttað úr torfkvíunum en ekki er vitað nákvæma staðsetningu á þeim.¹⁶ Garðsmelur var um 90 m suð-vestan við vélarskemmu eða um 40 m fyrir ofan við þjóðveg. Ekki sjást nein ummerki um mannvirki á staðnum en í dag er búið að útbúa kartöflugarð í suð-vestur hluta hólsins.

Fornleifanúmer: 2672-07

Hnit: A526213.1 N605165.3 ISN93

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti hefur verið kálgarður um 130 m suð-vestur af gamla húsinu á Stóru-Hámundarstöðum skammt ofan við núverandi þjóðveg. Ekki sást nein ummerki um hann þar í mýrlendi.

Fornleifanúmer: 2672-08

Hnit: A526093.6 N605233.1 ISN93

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Tóft

Á hól um 30 m fyrir ofan veginn eða um 120 m suð-vestur af nýrra íbúðarhúsinu á Stóru-Hámundarstöðum er garðlag. Hluti af því er mjög greinilegt þar sem það liggur norð-vestur og er um 28 m á lengd 0,8 m á hæð og 2 m á breidd. Garðlagið er svo rofið þar sem aðkeyrsla liggur upp á tún en svo heldur það áfram um 30 m í girðingarstæði en virðist svo fjara út.



Mynd 4. Garðlag, mynd tekinn í suð-austur.

¹⁶ Elín, 2003, bls. 22.

Fornleifanúmer: 2672-09

Hnit: A526096.5 N605237.2 ISN93

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Samkvæmt túnakorti þá voru tvö fjárhús nærri hvort öðru¹⁷ á svipuðum slóðum og garðlagið var á. Fast norðan við garðlagið virtust vera veggjaleifar. Norðan við veggjaleifarnar er nokkuð sléttur flötur í annars þýfðu umhverfi sem bendir til að eitthvað mannvirki hafi staðið þar. Hæð hleðslanna eru um 0,3 m og breidd 1,1 m.



Mynd 5. Veggjaleifar liggja upp að garðlaginu, mynd tekinn í suð-austur

Fornleifanúmer: 2672-10

Hnit: A526078.5 N605249.1 ISN93

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Samkvæmt túnakortinu var annað fjárhús í kringum 15 m í norð-vestur af fyrri fjárhúsunum.¹⁸ Var þar tóft með tvískiptu hólfi. Fyrri hólfið var um 6X7 m og virtist vera garður í því miðju og útgangur til austurs. Seinna hólfið var um 10X5 m, ekki var hægt að greina útgang á því líklega hefur það verið heyhólf eða hlaða fyrir fjárhúsin. Hæð á veggum var um 0,5 m og þykkt veggja um 1 m.

¹⁷ Elín, 2003, bls. 19.

¹⁸ Elín, 2003, bls. 19.



Mynd 6. Hlaða og fjárhús, mynd tekinn í suð-austur.

Fornleifanúmer: 2672-11

Hnit: A525057.1 N606022.6 ISN93

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Tóft

Utan við Hálsakotin er vörslu- og beitigarður sem liggur frá sjó upp á Selhjalla. Garðurinn er vel merkjanlegur frá sjó og upp hlíðina sérstaklega upp að þjóðveginum en erfitt er að rekja hann ofar.¹⁹ Garðurinn sést fyrst fyrir neðan veg um 1,3 km norð-vestan við nýrra íbúðahúsið á Stóru-Hámundarstöðum. Ekki sáust leifar af honum fyrir ofan veg nærri framkvæmdasvæðinu. Garðurinn er um 0,8 m á hæð og 1,4 m á breidd, hann sést greinilega á um 430 m kafla fyrir neðan þjóðveginn.



Mynd 7. Vörslugarður liggur frá vegi að sjó, mynd tekinn í norð-austur.

¹⁹ Elín, 2003, bls. 32-33.

Fornleifanúmer: 2672-12
Hlutverk: Landamerkjagarður
Tegund: Tóft

Hnit: A524366.1 N606139.7 ISN93

Í örnefnaskrá er fjallað um merkjagarð á hrepparmörkum og er hann um 800 m austan við Háls en 2 km norðvestan við Stóru-Hámundarstaði. Lá garðurinn frá sjó og upp á há hálsinn og liggur hann að mestu um lyngvaxinn móa.²⁰ Garðurinn er um 2 m á breidd og 0,9 m á hæð. Hann er mjög greinilegur á um 300 m kafla fyrir neðan veg og um 506 m kafla fyrir ofan veg.



Mynd 8. Merkjagarður milli Háls og Stóru-Hámundarstaða, mynd tekinn í norð-austur.

²⁰Elín, 2003, bls. 96.



- Heimildir um fornleifar
- Fornleifar á vettvangi
- Fornleifar af túnakorti
- Rafmagnsstrengur

Nafn	Dags.	Skýringar:	 BÚGARDUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
HÁLS - SYÐRI-ÁRSKÓGAR	23.05.2021 hj		
DALVÍKURBYGGÐ	Mælikv. 1:15000 í A3	Fornleifar og heimildir um fornleifar á framkvæmdasvæði Rariks vegna lagningar jarðstrengs.	Unnið eftir mynd nr. e523 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 1998

5. Samantekt

Mikill fjöldi af skráðum menningarminjum er á svæðinu en þrátt fyrir það eru ekki margar minjar sem voru innan 15 m friðhelgunarsvæðisins. Stór hluti af framkvæmdasvæðinu er innan túna eða það nálægt veginum að ef eitthvað hefur staðið þar áður fyrr, þá er löngu búið að raska því. Af 12 minjastöðum sem skráðir voru þá eru 4 staðir sem eru horfnir og enginn ummerki eru eftir vegna vegagerðar eða túnræktunar. Skráð voru þrjú garðlög sem ná upp að þjóðvegi en eru ekki sýnileg innan framkvæmdasvæðisins en heimildir eru um að þau hafi verið þar og eru í sumum tilfellum leifar af þeim töluvert fyrir ofan þjóðveginn. Af jörðunum sem rafmagnsstrengurinn liggur í gegnum þá eru það Stóru-Hámundarstaðir sem inniheldur flesta staði sem skráðir voru eða níu. Þar liggur framkvæmdasvæði í gegnum tvö garðlög fyrir ofan og neðan veg og alveg við fjárhús tóftir og garðlag sem er skammt fyrir ofan veginn á nýrra íbúðarhúsinu á Stóru-Hámundarstöðum. Væri hægt að forðast það með því að færa framkvæmdasvæðið nær þjóðveginum en þá er það líklega komið í veghelgunarsvæði vegagerðarinnar. Það væri líka hægt að fara fyrir ofan tóftirnar og inn á túnið. Aðrir staðir virðast í flestum tilvikum sleppa nokkuð betur en þar sem mikið af garðlögum eru á svæðinu gæti orðið vandasamt verk að finna leið ef ekki á að raska þeim við þessa framkvæmd. Þrátt fyrir að ekki hafi fundist mikið á vettvangi þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 29. maí 2021.
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2003). Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII: Fornleifar frá Skáldalæk í austanverðum Svarfaðardal á Hámundarstaðahálsi og Árskógsströnd suður að Þorvaldsdal. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Túnakort:

Stóru-Hámundarstaðir í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Heimildarmenn:

Baldvin Haraldsson, 1947, Stóru-Hámundarstaðir, Dalvíkurbyggð.

Guðlaugur Axel Ásólfsson, 1968, Litli-Árskógur, Dalvíkurbyggð.

Snorri Snorrason, 1970, Krossar, Dalvíkurbyggð.